

# FBM FRÉTTABRÉF

NÝJUSTU FRÉTTIR FRÁ FÉLAGI BÓKAGERÐARMANNA

Útgefandi: FBM Stórhöfða 31, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 1. tölublað apríl 2014. Ábyrgðarmaður: Georg Páll Skúlason

## ■ Hrönn Magnúsdóttir hefur störf á skrifstofu FBM



Hrönn tekur við starfi Hrafnhildar Ólafsdóttur sem hefur sagt upp störfum á skrifstofu félagsins. Hrönn er grafískur hönnuður með mikla starfsreynslu í prentiðnaði og á auglýsingastofum, hún starfaði m.a. í Prentsmiðjunni Odda, hjá Íslensku auglýsingastofunni og í markaðsdeild Húsasmíðjunnar. Við bjóðum Hrönn velkomna til starfa og þökkum Hrafnhildi fyrir vel unnin störf og óskum henni góðs gengis en hún hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2006.

## ■ Sumar- og vetrarorlof

Rétt er að minna félagsmenn á að hyggist þeir, sem rétt eiga á vetrarorlofi skv. kjarasamningi FBM og SA (9 ára starfsaldur í greininni), nýta þann rétt, ber að tilkynna atvinnurekenda um það eigi síðar en 1. maí. Þá þarf að geyma 5 daga af sumarorlofi sem verða að 10 daga vetrarorlofi sem hægt er að taka á tímabilinu 1. október – 30. apríl.

## ■ Orlofsuppbót 2014

Orlofsuppbót 2014 er kr. 39.500 fyrir fullt starf og ber að greiða 1. júní n.k.

## ■ Morgunblaðið sigraði Knattspyrnumót FBM 2014



Sigurlið Morgunblaðsins, frá vinstri: Arnar Unnarsson, Erling Adolf Ágústsson, Orri Páll Ormarsson, Arnar Steinn Einarsson, Viðar Guðjónsson og Nökkvi Fjalar Orrason. Á myndina vantar Pétur Blöndal.

Knattspyrnumót FBM var haldið laugardaginn 12. apríl sl. í Smáranum í Kópavogi. Fimm lið mættu til leiks og voru liðin skipuð 5 leikmönnum ásamt varamönnum. Leiknir voru 10 mínútna leikir og léku allir við alla tvöföld umferð.

Morgunblaðið sigraði á mótinu með 20 stig af 24 mögulegum, í öðru sæti varð Vörumerking Samhentir, með 15 stig og þriðja sæti Oddi pappír, með 11 stig.

Dómari mótsins var Ómar Bruno Ólafsson og mótsnefnd skipuðu Georg Páll Skúlason, Oddgeir Þór Gunnarsson og Óskar Jakobsson.

## ■ Fjölskylduhátíð FBM um verslunarmannahelgi

Fjölskylduhátíð FBM og Miðdalsfélagsins verður haldin laugardaginn 2. ágúst n.k. og hefst kl. 13.30. Hátíðin verður auglýst nánar þegar nær dregur.

## ■ Golfmót FBM laugardaginn 9. ágúst

Golfmót FBM og Hvítlistar verður haldið á golfvelli Dalbúa í Miðdal laugardaginn 9. ágúst n.k. Mótið verður auglýst nánar þegar nær dregur.

## ■ Frá aðalfundi FBM 2014

Aðalfundur FBM var haldinn á Stórhöfða 27 fimmtudaginn 3. apríl sl. U.þ.b. 35 félagsmenn mættu á fundinn þar af meirihluti stjórnar og trúnaðarráðs FBM.

Formaður fór yfir starfsskýrslu stjórnar og ársreikning félagsins sem var samþykktur samhljóða eftir nokkra umræðu. Ársskýrsla og ársreikningur sjóða félagsins hafði verið send út til félagsmanna fyrir aðalfund.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram af stjórn og trúnaðarráði FBM:

Aðalfundur Félags bókagerðarmanna, haldinn 3. apríl 2014 á Stórhöfða 27 Reykjavík, samþykkir að selja 50% hlut í orlofshúsi FBM nr. 13 í Ölfusborgum til Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri. Söluverðið er kr. 7.250.000 sem öllu verður varið til endurbóta og stækkunar á húsinu. Fundurinn samþykkir samkomulag við FMA sem undirritað var með fyrirvara um samþykki aðalfundar FBM.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi lagabreytingar voru samþykktar á aðalfundinum:

## LÖG FÉLAGS BÓKAGERÐARMANNA

3.4. Þeir félagar FBM sem gerast kennarar við Tækniskólann, skóla atvinnulífsins (Upplýsingatækniskólann) geta verið í því áfram með fullu málfrelsi og tilögurétti á opnum fundum félagsins án sérstaks félagsgjalds.

## REGLUGERÐ UM LÓÐIR OG BYGGINGAR Í MIÐDAL

1. gr.

b) Ekki má framselja afnotarétt lóðar eða byggingar öðrum en Félagi bókagerðarmanna og félagsmönnum þess, svo og þeim sem falla undir ákvæði 3.4 í lögum FBM.

## REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS

7. gr. Styrkir úr sjóðnum skulu vera sem hér segir:

- b) Styrkur greiðist í allt að 6 mánuði (26 vikur) til sjóðfélaga sem á í samfelldum veikindum, sbr. 2. grein. Upphæð styrksins miðast við þann iðgjaldsstofn sem greitt hefur verið af til sjóðsins vegna sjóðfélagans síðustu sex mánuði, sbr. 4.gr. og 5.gr. Styrksupphæð reiknast af grunni sem finnst með því að deila með 26 í iðgjaldsstofninn.
1. Fyrstu 26 vikurnar greiðist 80% af grunni á viku.
  2. Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða styrk í allt að 8 vikur til viðbótar rétti skv. b. lið ef sjóðfélagi á í langvarandi veikindum.
  3. Eftir að greiðslur hefjast skal styrkþegi njóta sambærilegra hækkana og koma á kauptaxta félagsins hverju sinni.
  4. Mánaðarleg greiðsla getur þó ekki verið hærri en 727.636 á mánuði.

(Bótafjárhæð miðast við launavísitölu 1. janúar 2014.)

## Nýr 5. liður

5. Dagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, ef fyrir liggur við umsókn bóta að bætur greiðist skv. skaðabótalögum. Leiki vafi á um skaðabótaskyldu vegna vinnuslyss getur sjúkrasjóður ákveðið greiðslu til sjóðfélaga og áskilið sér rétt til endurgreiðslu ef síðar kemur í ljós að tjón reynist skaðabótaskyld.

Skoðunarmenn reikninga FBM voru kosnir:

Hallgrímur P. Helgason og Tryggvi Agnarsson og til vara: Stefán Sveinbjörnsson og Páll Heimir Pálsson Ritstjóri Prentarans var kjörin Anna S. Helgadóttir. Eftirtalin voru kjörin í Fulltrúaráð Sameinaða lífeyrissjóðsins:

Til tveggja ára: Hrönn Jónsdóttir og Þorkell Svarfdal Hilmarsson.

Til vara: Anna S. Helgadóttir og Sæmundur Árnason.

Til annarra embætta voru kjörin:

Laganefnd: Sæmundur Árnason, Bragi Guðmundsson, Georg Páll Skúlason.

Ritnefnd: Hrönn Jónsdóttir, Jakob Viðar Guðmundsson og Þorkell S. Hilmarsson.

Fræðsluráð til tveggja ára: Jón Trausti Harðarson, Tryggvi Þór Agnarsson, Stefán Hjaltalín, Gréta Ösp Jóhannesdóttir, Pétur Marel Gestsson og Páll Reynir Pálsson.

## Önnur mál

Formaður kynnti flutning Sameinaða lífeyrissjóðsins úr Borgartúni 30 í Sundagarða 2. Sagði að starfsemin yrði nú á einni hæð og aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum til að ræða einstök mál sem oft eru mjög persónuleg myndi batna á nýja staðnum.

Formaður vakti máls á að áhugahópur um Prentminjasafn hefði komið saman um miðjan mars og búið væri að opna facebook hóp um málefnið. Allir sem áhuga hafa á að koma upp Prentminjasafni eða prentsögusetri eru hvattir til að tengja sig við hópinn og leggja orð í belg.

Eftirtaldar tillögur voru samþykktar undir liðnum önnur mál:

Lögð er fram tillaga á aðalfundi FBM að stjórn FBM bjóði út bankaviðskipti félagsins sérlega vegna ofurlauna bankastjóra sem ekki eru í takt við launaskrið á almennum vinnumarkaði.

Tillaga um að orlofshús félagsins í Miðdal fái nöfn í stað þess að bera aðeins númer.

Að lokum þakkaði formaður gestum fyrir góðan fund og Þorkeli Svarfdal Hilmarssyni fundarstjóra rögg-sama stjórn og sleit fundi. Fundarritari var Anna S. Helgadóttir.

## ■ Endurnýjun orlofshúss

### FBM í Ölfusborgum

Nú stendur yfir endurnýjun og stækkun orlofshúss FBM í Ölfusborgum. Húsið, sem verður í sameiginlegri eign FBM og Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri, verður tilbúið til útleigu 20. júní n.k. Þá hefur allt verið endurnýjað innanstokks og breytingar gerðar á herbergjaskipan auk þess sem sólstofa verður reist við húsið. Tímabært var að fara í þessa endurnýjun þ.e. húsið sem er 50 ára gamalt gekk síðast í gegnum endurnýjun árið 1992.

## ■ Nýtt orlofshús í byggingu í Miðdal

Nú er verið að byggja nýtt orlofshús FBM í Miðdal. Húsið ris fyrir neðan orlofshús nr. 1. (raðhúsið). Húsið verður búið öllum helstu þægindum, s.s. heitum potti og gufubaði og verður tilbúið til útleigu á komandi hausti.

**Vakin er athygli á bústöðum til sölu í Miðdal sem auglýstir eru á vef félagsins [www.fbm.is](http://www.fbm.is)**